

Ed.

101. Frumvarp

til landskiftalaga.

Flutningsmenn: Jón Jónatansson, Guðjón Guðlaugsson, Jósef Björnsson.

1. gr.

Öll heimalönd sveitabýla, sem fleiri jarðir hafa til samnota, tún, engi og úthagi, og sem ekki hefir áður verið skift til eignar og afnota svo sannanlegt sé, eða viðurkend merki eru til um, geta komið til skifta samkvæmt lögum þessum. Hver einstakur eigandi jarðar eða jarðaparts getur krafist skiftanna, nema um sjerstök hlunnindi sje að ræða, sbr. 3. gr.

2. gr.

Úttektarmenn skulu gera skiftin hver í sínu umdæmi. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Sýslumaður skal og nefna oddamann til skiftagerðar, og skal hann vera formaður úttektarmanna og stýra skiftunum, hann skal bóka skiftagerðina og skera úr, ef úttektarmenn greinir á.

Úttektarmenn fá í dagpeninga 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum, en oddamaður 4 kr.

3. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sjerstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sjerstakt býli, og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiði sá, er þeirra heiðist, ef eigi er óskað, að út sje skiftinn nema nokkrum hluta lands þess, er býli hans fylgir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

4. gr.

Skifti þau, er um ræðir í 3. gr., skulu vera til fullrar eignar, og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal að vera við skiftin. Þeim skal einnig gefinn kostur á að vera við yfirmat og upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu þó aðilar viðstaddir, er úttektarmennu eða yfirmatsmenn ræða milli sín að síðustu úrslit skiftanna. Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í landi því, sem skift er, um 1 ár frá því honum hafa verið tilkynt skiftin.

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla, til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður yfirmatsmanna og stýra matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess beiðist, sje engin breyting gerð á skiftum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

5. gr.

Áður en skifti byrja, skulu þeir, sem skifta eiga landi, rannsaka, ef þörf er á, að land það, er skifta skal, sje með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða. Sje landi því, er skifta skal, að einhverju leyti áður skift, skulu þeir einnig gera sjer glögga grein fyrir merkjum þeim, er sett hafa verið við þau skifti. Leita skulu þeir og upplýsinga um rjettindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja eða nokkrum hluta þess.

Sjeu merki milli lands þess, er skifta skal, og annara jarðar eða jarða, krókótt og óhagkvæm fyrir skiftin, skulu úttektarmenn reyna með samkomulagi að fá rjetting merkjanna.

6. gr.

Skifta skal landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í sambengi. Verði þessu ekki við komið, skal tilgreina ástæður fyrir því.

7. gr.

Nú hefir einhver eigandi að óskiftu sameignarlandi tekið og ræktað einhvern hluta þess, án samþykkis þeirra, er land eiga með honum. Skulu þá úttektarmenn við skiftin annaðhvort láta hann halda þessu landi, móti því að hinir sameigendurnir fái hvor um sig að tiltölu samsvarandi hluta af sameignarlandinu, eða meta honum hæfilegar bætur fyrir ræktunarkostnað. Sje land þetta sjerstaklega girt, skal eiganda girðingarinnar heimilt að taka hana upp og flytja burtu.

8. gr.

Nú liggja tún- eða engjavegir yfir land það, er skifta skal, eða úttektarmenn álíta nauðsynlegt, að slikir vegir verði þar lagðir. Skal þá í skiftagerðinni ákveðið hvar nýja vegi skuli leggja, og hvernig vera skuli aðstaða landeiganda innbyrðis um lagning, viðhald og notkun slikra vega.

9. gr.

Skiftagerðir allar, er úttektarmenn framkvæma samkvæmt lögum þessum, skulu þeir rita í sjerstaka bók, er sýslumaður löggildir. Andvirði bókarinnar greiðist úr sýslusjóði. Landstjórnin semur og útbýtir, á landsjóðs kostnað, fyrirmynd fyrir bókfærslu slíkra skiftagerða.

10. gr.

Þegar úttektarmenn hafa skift landi samkvæmt 3. gr. laga þessara, skulu þeir, áður en þeir fara frá skiftum, láta setja glögg merki fyrir því, hvernig þeir hafa skift landinu. Skulu allir þeir, er hlut eiga að máli, skyldir til að gera merki þessi. Úttektarmenn skulu lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega í skiftagerðinni, að ekki verði um vilst.

Með merki þau, er ákveðin eru til fullnaðar með skiftum úttektarmanna eða með yfirmati, skal farið svo sem landamerkjalog mæla fyrir.

11. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver óskar þess; kostnaðinn greiði þeir allir eftir jarðastærð.

12. gr.

Landeigendum er frjálst að skifta sjálfir landi milli sín, ef þeim kemur saman um það öllum, og leiguliðar, allir er notkunarrjett hafa á landinu, og skiftin snerta hagsmunalega, gefa samþykki sitt til þess. Um slík skifti skal skrá greinilega skiftagerð. Skal í henni nákvæmlega lýst afstöðu lands þess, er hver um sig hlýtur við skiftin, takmörkum þess og rjettindum öllum, er því fylgja. Geta skal og þess, hver áhrif skiftin hafa á leiguliðaafnot af landi því, er skift var. Skiftagerð þessari skal þinglýsa.

Sjeu ekki gerð jöfn skifti, en einhver eigenda hafi látið af hendi meira verðmæti í landeign eða rjettindum innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, skal líta á það sem afsalað eða selt, og breytist þá jarðamat eða skattskylda jarðanna eða jarðapartanna samkvæmt því.

13. gr.

Nú hafa eigendur sameignarlands skift eða látið skifta landinu milli sín, en ábúandi telur leiguliðanotum sinum spillt með skiftunum, og verður um það ágreiningur milli hans og landsdrottins. Skulu þá úttektarmenn skera úr og meta leiguliða bætur, ef þeir telja hann hafa beðið skaða. Úrskurði þeirra má skjóta til yfirmatsmanna, sbr. 4. gr.

14. gr.

Meðan skógarhögg og mótak er í sameign í óskiftu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, nota skóg eða mótak nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Þar sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina nema fyrir sinn eigin búpening eða eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektarmönnum.